

Lög, vísindi og spilling

Kjallari

Dorvaldur Gyrfason



Tveir prófessorar í hagfræði í Moskvu, Leonid Polishchuk og Timur Natkhov, sendu nýlega frá sér ritgerð, sem vert er að segja frá utan háskólumúranna.

Lög eða vísindi?

Prófessorarnir spyrja: Hverju sætir það, að í Úkraínu sækja miklu fleiri stúdentar í laganám en í Póllandi? Og hvers vegna sækja miklu fleiri stúdentar í Póllandi í vísindanám en í Úkraínu?

Tölurnar tala skýru máli. Í Úkraínu sækja 8% háskólastúdentar í laganám borið saman við 2% stúdentar í Póllandi. Í Póllandi sækja á hinn bóginn 8% stúdentar í vísindanám á móti 4% í Úkraínu. Með vísindanámi er átt við nám í raunvísindum, þ.m.t. líffræði, stærðfræði og tölvunarfræði. Tölurnar miðast við fjölda brautskráðra stúdentar og eru sóttar til Menningar- málastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO). Í Póllandi bjóða 16 háskólur upp á laganám, en í Úkraínu skipta lagadeildir hundruðum.

Spurningin skiptir máli m.a. vegna þess, að löndin tvö, Pólland og Úkraína, eru náskyld og nokkum veginn jafnstór, liggja hvert að öðru og eru að ýmsu öðru leyti nauðalík.

Rússnesku prófessorarnir tveir reiða fram ýmis fræðirök og reynslurök, sem leiða þá að svari við spurningunni. Svar þeirra er í stuttu máli þetta:

Úkraína er gerspíllt, þar bitast menn eins og hundar um yfirráð yfir auðlindum landsins, auðgast á stjórn- málaafskiptum og eitra fyrir and- stæðingum sínum. Ungt fólk þar laðast að lögfræði, þar eð nóg er að gera í dómskerfinu við að greiða úr ágrein- ingi milli stríðandi aflu. Pólland er ekki eins spíllt. Þar eru engar teljandi auð- lindir til að bitast um og því ekki eftir- neinu sérstöku að slægjast í lögfræði- bransinum. Pólskir stúdentar laðast



heldur að vísindum.

Munurinn skiptir máli, segja prófessorarnir. Laganám býr menn m.a. undir þjónustu við rentusóknara, t.d. þá, sem hafa sölsað undir sig auðlind- ir í þjóðareigu og hagnast þannig á kostnað annarra. Vísindanám býður að námi loknu engan sérstakan að- gang að rentusóknurum, heldur býr það menn undir rannsókn á umhverfi mannsins og aðild að framleiðslu á vörum og þjónustu, sem bitnar yfir- leitt ekki á öðrum. Rentusókn er óhag- kvæm og óheilbrigð af sjónarhóli þjóðarheilðarinnar skv. eðli máls. Rentusóknarar koma sér áfram á oln- bogaskotum.

Minna réttlæti, meiri lögfræði

Gögnin, sem rússnesku prófessorarn- ir tveir reiða fram, ná yfir 95 lönd um allan heim. Mynstrið, sem birtist í talnaefninu, er býsna skýrt. Í lönd- um, sem virða lög og rétt, er jafnan mun minni aðsókn að laganámi en í löndum, þar sem lög og réttur standa höllum fæti. Í löndum, sem virða lög og rétt, er með líku lagi mun meiri að- sókn að vísindanámi en í löndum, þar sem réttarríkið haltrar. Mynstrið helzt

„Í löndum, sem virða lög og rétt, er jafnan mun minni aðsókn að laganámi en í löndum, þar sem lög og réttur standa höllum fæti.“

öbreytt hvort sem styrkur réttarríkisins er mældur beint eða óbeint, t.d. með vísitölum Alþjóðabankans um gæði stjórnsýslunnar, viðnám gegn spillingu eða vernd einkaeignarréttar. Mynstrið birtist jafnt í ríkum löndum og fátæk- um og er sérlega áberandi í f.v. komm- únistaríkjum.

Hingað heim

Þig skal hafa grunað, lesandi góður, að þetta kæmi næst. Hvað er hægt að segja um Ísland?

Eldgamla Ísafold er meðal land- anna 95 í úrtaki Rússanna. Þeir sýna, að aðsókn að laganámi á Íslandi er miklu meiri en ætla mætti miðað við þær einkunnir, sem Alþjóðabankinn

gefur Íslandi sem réttarríki, og miklu meiri en í Danmörku, Finnlandi, Nor- egi og Svíþjóð. Aðsókn að vísinda- námi á Íslandi er með líku lagi miklu minni en ætla mætti miðað við þær einkunnir, sem Alþjóðabankinn gefur Íslandi sem réttarríki, og miklu minni en í Finnlandi, en þó svipuð og í Dan- mörku, Noregi og Svíþjóð. Séu verk- fræði og heilbrigðisvísindi talin með raunvísindum, stendur aðsókn að vís- indanámi á Íslandi langt að baki Finn- landi, Danmörku, Noregi og Svíþjóð.

Niðurstöður rússnesku prófessor- anna virðist mega túlka á þann veg, að Alþjóðabankinn hafi gefið Íslandi of háar einkunnir sem réttarríki, þar eð munurinn á aðsókn að laganámi og vísindanámi á Íslandi rímar vel við ýmis lönd, sem Alþjóðabankinn hefur gefið mun lakari einkunn fyrir ýmsar hliðar laga og réttar, en rímar ekki vel við önnur Norðurlönd.

Þessi túlkun kemur heim og saman við nýja rannsókn Gallup, sem sýnir, að 67% Íslendinga telja spillingu vera útbreidda í stjórnskerfinu borið saman við 14% Svía, 15% Dana, 25% Norð- manna, 30% Finna, 68% Pólverja og 77% Úkraínumanna.